



Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Reykjastræti 8
101 Reykjavík
Skrifstofa háskóla og vísinda
mnh@mnh.is

Reykjavík 9. nóvember 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 – háskólasamstæða

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða), mál s-219/2025. SI fagna því að stjórnvöld vinni að því að styrkja íslenskt háskólakerfi með skýrari stjórnskipulagi og auknum möguleikum á samstarfi og sameiningu háskóla. Skilvirkt skipulag og fagleg samvinna í gegnum háskólasamstæðu getur stuðlað að auknum gæðum náms, bættum innviðum og hagkvæmari nýtingu opinbers fjár. SI leggja þó áherslu á mikilvægi þess að háskólar séu í virku samstarfi við atvinnulífið, eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins. Samtökin telja nauðsynlegt að þetta samstarf verði ekki aðeins markmið heldur tryggt með formlegri aðkomu atvinnulífsins að stefnumótun og stjórn opinberra háskóla og háskólasamstæða.

Tillögur að breytingum

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að annar af tveimur fulltrúum ráðherra í háskólaráði hafi reynslu af háskólastarfi á landsbyggðinni. SI leggja til að kveðið verði á um að hinn fulltrúinn hafi þekkingu á atvinnulífi og nýsköpun, með sérstaka áherslu á vaxtargreinar íslensks efnahagslífs: „...og hinn skuli hafa þekkingu á atvinnulífi og nýsköpun, sérstaklega tengt hugverkaiðnaði, framleiðsluiðnaði og öðrum vaxtargreinum íslensks efnahagslífs.“ Þannig næðist jafnvægi milli akademískrar og atvinnulífsmiðaðrar þekkingar í háskólaráði og tryggð yrði tenging við nýsköpunar- og framleiðslugreinar sem hafa vaxandi vægi í íslensku hagkerfi.

Frumvarpið undirstrikar með réttu mikilvægi aukinna tengsla háskóla og atvinnulífs. Þrátt fyrir það er aðkoma atvinnulífsins að þeirri stefnumótun ekki tryggð. SI telur nauðsynlegt að lögfesta slíka þátttöku.

STEAM-greinar (vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði) þurfa sérstakt aðhald og samráð við atvinnulíf til að styðja við framtíðarþarfir vinnumarkaðar og aukna nýsköpunarhæfni samfélagsins.

SI telja að frumvarpið feli í sér mikilvægt skref í átt að öflugra og samhæfðara háskólakerfi. Hins vegar þarf að ganga lengra í því að tryggja formlega aðkomu atvinnulífs að stefnumótun og stjórn háskóla og háskólasamstæða. Með því má m.a.:

- styrkja tengsl menntunar og atvinnulífs,
- tryggja að nám leiði til hæfni sem er í samræmi við þarfir markaðarins,
- efla rannsóknir og nýsköpun,



- og styðja við markmið stjórnvalda um verðmætasköpun í hugverkaiðnaði og öðrum vaxtargreinum.

SI hvetja til þess að framangreindar tillögur verði teknar til skoðunar við áframhaldandi vinnu við frumvarpið. Þær munu stuðla að samkeppnishæfni, vexti og aukinni hagnýtingu rannsókna og menntunar í þágu samfélagsins.

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir', written over a horizontal line.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum hjá SI